

Áhugamenskunefnd GSÍ hefur fjallað um málefni Arnar Ævars Hjartarsonar, kt. 180278-3899. Er nú kveðinn upp svofelldur úrskurður:

### ÚRSKURÐUR

Málavextir eru þeir að í janúar 2011 sótti Örn Ævar um það til Áhugamenskunefndar GSÍ að fá að endurheimta stöðu sína sem áhugamaður í golfi. Örn Ævar var áhugamaður allt þar til á árinu 2007, er hann gerðist atvinnumaður. Hann keppti sem slíkur veturinn 2007 til 2008 og starfaði við golfkennslu sem aðalkennari Golfklúbbs Suðurnesja árið 2008. Hann skráði sig sem meðlimur í PGA á Íslandi (IPGA) í október 2007 og skráði sig úr sömu samtökum í desember 2009. Frá þeim tíma hefur hann ekki haft neinar tekjur af atvinnumennsku í golfi, hvorki í formi verðlauna í mótum né þóknunar af kennslu.

Örn Ævar hafði stöðu atvinnumanns í golfi í skemmri tíma en þau 5 ár, sem miðað er við í reglu 9-2b(i). Samkvæmt ákvæðinu skal lengd biðtíma í slíku tilviki vera 1 ár, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli með öðru. Nefndin telur að í tilviki Arnar Ævars sé ekki ástæða til að víkja frá meginreglunni um eins árs biðtíma. Biðtími hans er því liðinn. Hann á rétt á að endurheimta umbeðin réttindi.

### Úrskurðarorð:

Frá og með 9. nóvember 2011 hefur Örn Ævar Hjartarson, kt. 151179-5689, stöðu áhugamanns í golfi.

Reykjavík 9. nóvember 2011  
Áhugamenskunefnd GSÍ

Georg H. Tryggvason  
Örn Höskuldsson  
Gísli Guðni Hall